

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,



**Sigríður Sigurðardóttir**  
**Flögu II Skaftártungu,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut  
fimmtudaginn 11. maí.

Útförin fer fram frá Grafarkirkju laugardaginn 20. maí kl. 14:00.

**Ásta Sigrún Gísladóttir**

**Vigfús Gunnar Gíslason**

**Sigurður Ómar Gíslason**

**Jóna Lís Gísladóttir**

**Sigurgeir Bjarni Gíslason**

**Sverrir Gíslason**

**Lydía Pálmarsdóttir**

**Þórgunnur María Guðgeirsdóttir**

**Örn Guðmundsson**

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

**Fanney Ólöf Lárusdóttir**

ömmu- og langömmubörn

## Ganga um Skálmabæjarhraun 25. maí

Ferðin hefst formlega frá afleggjara við Ljósuvatnalækinn (upb 3 km fyrir austan brúna á Skálm) kl. 16:00 á Uppstigningardag 25. maí, og því þarf að leggja af stað kl. 15:30 frá bankaplaninu í Vík.

Frá mætingarstað verður ekið á 4x4 drifs bílum í nokkrar mínútur áður en gangan sjálf hefst og því þarf að safnast saman í bíla þaðan (eða úr Vík, þau sem að þaðan koma).

Gangan sjálf verður í upb. 2 klst. og stenst þessa áætlun að vera 1 skór, létt og tiltölulega slétt, og um fallegt og áhugavert svæði sem að fáir hafa komið á.

Verð fyrir félagsmenn er 1000.- kr og aðra 1500.- kr.  
Göngustjórar verða Jóhannes Gissurarson og Brandur Jón Guðjónsson

Ferðanefnd Ferðafélags Mýrdælinga



**Rauði krossinn**  
Víkurdeild

## **RKÍ námskeið**

Þriðjudaginn 23. maí verður námskeiðið  
"Inngangur að neyðarvörnum" haldið.

Það snýst um hlutverk Rauða krossins í neyðarvörnum landsins. Þetta námskeið er opið öllum sem vilja gerst sjálfbodaliðar og vera á útkallslista Rauða krossins og taka þannig þátt í að efla neyðarvarnir á Íslandi.

Námskeiðið verður í Leikskálum kl. 18:00 til 21:00 þennan dag.  
Leiðbeinandi er Jón Brynjar Birgisson

Skráning hjá Rimu [rima@vik.is](mailto:rима@vik.is)



## **Reiðskóli Sindra**

Reiðskóli Sindra í Vík verður  
dagana 11.-17. júní n.k.

Reiðskólinn er fyrir alla krakka fædda árið 2011 og eldri, einnig verður fullorðinshópur ef næg þátttaka næst.

Verð er kr 6000 fyrir skuldlausu Sindrafélaga og 9.500 fyrir aðra. Systkinaafsláttur er kr 2000.-

Upplýsingar og skráning er hjá Petru á e-mailið: [solheimar2@gmail.com](mailto:solheimar2@gmail.com) eða í síma 612-2126. **Skráningarfrestur er til fimmtudagsins 8. júní.**

Reiðskólinn í Skálakoti verður **dagana 24.-31. maí n.k.** skráning og allar upplýsingar um hann gefur Mummi á e-mailinu [info@skalakot.com](mailto:info@skalakot.com) eða í síma 487-8953

Reiðskóla og æskulýðsnefnd Sindra

## **ERTU ELDKLÁR**

**Hef til sölu allan eldvarnarbúnað:**

**Slökkvitæki  
Reykskynjara  
Eldvarnarteppi  
Neyðarútgangsmarki  
Brunaslöngur og fl.**



*Verið óhrædd við að hringja,  
gsm 864 7460*

*Kveðja, Svavar*

## Skemmuþjófurinn

Séra Jón Brynjólfsson í Kálfholti skrifaði Páli sagnfræðingi Melsteð 10. VIII. 1882 bréf um Jónas Hallgrímsson og nokkrar gamanvísur frá skólaárum þeirra fylgdu með á sérstöku blaði, smáörk. Á eftir vísunum bætir hann við: „Ég vissi líka, að til var eftir hann skáldsaga, sem hét Skemmuþjófurinn. Hún byrjaði svona:

Stjarnan var rúmlega komin í hádegisstað, þegar herra administrator Álfur Snjólfsson á Nóatúnum fór að háttu. Guðrún, kona hans, var þá líka búin að rekja af og fór ofan að loka bæinn. Hún sér að stóra skemman á hlaðinu stendur opin.

Í bréfinu sjálfu skrifar séra Jón enn fremur: „Til uppfyllingar innlögðu blaði skal ég setja hér framhald af þæðinum í skáldsögunni“:

Guðrún kemur inn með öndina í hálsinum og segir: „Skemman stendur opin og ég held það sé þjófur í henni“. – „Það getur ekki skeð“, segir Álfur. – „Hvernig talarðu, maður; sem ég heyrði skurkið til hans“. – Álfur var kominn úr annarri skálminni og stökk upp og hleypur út, og dregur buxurnar á eftir sér, en flækist í þeim og dettur á arinhellunni; brýzt samt í ofurhuga út að skemmudyrnum og kallar inn og spyr: „Er hér nokkur?“ – Og svarað er: „Hér er enginn“. – „Ég vissi það gat enginn verið“, segir Álfur og læsir skemmunni; staulast síðan draghaltur inn í bæinn og sezt á rúmið sitt. – Þá

segir Guðrún: „Var nokkur í skemmunni?“ – Álfur svarar: „Þar sagðist enginn vera“. – „Ertu vitlaus, maður?“ segir Guðrún; „hver gat sagt það, nema þjófurinn?“ – Álfur sansar sig, stekkur út aftur og hittir þá svo á, að þjófurinn er, með peningakistil í fanginu, að troðast út um skemmudyrnar. Álfur ræðst á hann og rekur hann undir. Í þessu bili hefur frá tunglinu og sér Magnús (þjófurinn) í augu Álfi og æpir upp yfir sig: „Hvaða bölvuð augu!“ – Álfur kreistir þá að kverkum hans og segir: „Alls kosti á ég við þig, en ligg nú hérna kyrr á meðan ég sækji ólarreipi inn í eldhúsið til að binda þig með“. – Hann fer og kemst nú varla fyrir holti, því blástur hafði hlaupið í hnéð. Þegar hann kemur út aftur, er þjófurinn allur á bak og burt, og peningakistillinn með. – Svo var gerð þjófaleit, þýfið hittist, maðurinn meðgekk, er dæmdur til hýðingar og sgr. Álfur leggur sjálfur á hýðinguna.

„Svona hér um bil var gangurinn í sögunni“, bætir séra Jón við.

Heimild:

Jónas Hallgrímsson í óbundnu máli, bls. 45-46. (1946). Tómas Guðmundsson gaf út. Reykjavík: Helgafell.

## Dagur eldri borgara í Þjóðkirkjunni - Víkurkirkja í Mýrdal

**Guðsþjónusta í samvinnu við eldri borgara í Mýrdalshreppi verður í Víkurkirkju í Mýrdal á UPPSTIGNINGARDAG, 25. maí nk, kl. 14:00.**

"Syngjandi" kór eldri borgara í Mýrdal annast söng undir stjórn Önnu Björnsdóttur. Organisti er Brian R. Haroldsson.

Að guðsþjónustu lokinni er öllum viðstöddum boðið upp á kaffi og veitingar.

Eldri borgarar í Vestur-Skaftafellssýslu eru hvattir til að fjölmenna og taka þannig þátt í skemmtilegri dagskrá.

Sóknarprestur

---

## Víkurkirkja í Mýrdal - Sænskur kór

Föstudaginn 26. maí nk. verða tónleikar í Víkurkirkju sem hefjast **kl. 18:00 (ath tímasetninguna)**

Sænski kórinn "Katarina Chamber Choir" sem kemur frá Stokkhólmi, flytur vandaða söngdagskrá undir stjórn Hans Vainikainen.

Fjölmennum og tókum vel á móti góðum gestum.

Sóknarprestur.

---

## Skeiðflatarkirkja í Mýrdal - ferming

Fermingarmessa verður í Skeiðflatarkirkju sunnudaginn 28. maí nk., kl. 13:30. Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Brians R. Haroldssonar organista.

Fermd verður: *Þórhildur Alexandersdóttir, Hvambóli, 871 Vík*

Sóknarprestur

## Sumarblómasala Kvenfélags Hvammshrepps

Hin árlega sumarblómasala kvenfélagsins verður haldin dagana:

**Föstudaginn 2. júní frá kl 16**

**Laugardaginn 3. júní frá kl 11**

**Staðsetning: Sunnubraut 2**

Allar sérpantanir (t.d. krydd-/matjurtir)  
verða að berast eigi síðar en **29.05** í síma **821 3549**, Hrund.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest ☺

Sveitin mín

Fjalladrottning, móðir mín!  
mér svo kær og hjartabundin,  
sæll ég bý við brjóstin þín,  
blessuð aldna fóstura mín.  
Hér á andinn ódul sín  
öll, sem verða á jörðu fundin.  
Fjalladrottning, móðir mín,  
mér svo kær og hjartabundin.

Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.  
Engið, fjöllin, áin þín,  
yndislega sveitin mín,  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.

Allt, sem mest ég unni og ann,  
er í þínum faðmi bundið.  
Allt það, sem ég fegurst fann,  
fyrir berst og heitast ann,  
allt, sem gert fékk úr mér mann  
og til starfa kröftum hrundið,  
allt, sem mest ég unni og ann,  
er í þínum faðmi bundið.

Fagra, dýra móðir mín,  
minnar vöggu griðastaður,  
þegar lífsins dagur dvín,  
dýra, kæra fóstura mín,  
búðu um mig við brjóstin þín.  
Bý ég þar um eilífð glaður.  
Fagra, dýra móðir mín,  
minnar vöggu griðastaður.

*Sigurður Jónsson*



## Skrifstofustjóri Mýrdalshrepps

Mýrdalshreppur auglýsir stöðu skrifstofustjóra sveitarfélagsins lausa til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi til að stýra skrifstofu hreppsins. Meginverkefni skrifstofustjóra eru yfirumsjón með fjármálum sveitarfélagsins og bókhaldi. Skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra og vinnur náið með honum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- \* Háskólamenntun sem nýtist í starfi, viðskiptafræðimenntun æskileg
- \* Þekking og reynsla af fjármálum og bókhaldi sveitarfélaga, (Navision)
- \* Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- \* Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum einstaklingi í þetta starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri í síma 487-1210 eða 898-3340. Umsóknir má senda á netfangið [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is) eða á heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík. Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k.

**Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík Vík í Mýrdal**

Vík í Mýrdal  
Fjölskylduvænt  
samfélag í fall-  
egu umhverfi.

Mýrdalshreppur er vaxandi um 570 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstæða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og s a m g ö n g u r greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.